



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
mvf@mvf.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 10. júlí 2023

**Efni: Umsögn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda um drög að
aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026, mál nr. 107/2023**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „SÍK“), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu. Sambandið fagnar aðgerðaáætluninni um þetta mikilvæga málefni.

SÍK hefur um árabíl lagt áherslu á mikilvægi þess að framleitt sé hér á landi kvikmyndir og sjónvarpsefni á íslenski tungu með skírskotun í íslenska menningu. Stjórnvöld í samvinnu við hagaðila lögðu mikinn metnað í gerð Kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030 þar sem varðveisla íslenskrar tungu, menningu, sjálfsmynd þjóðarinnar, efling íslensks atvinnulífs og sterkt orðspor Íslands er gert hátt undir höfði. Það er því ánægjulegt að sjá að stjórnvöld hugi nú að fjölbreyttum leiðum til þess að tryggja varðveislu íslenskrar tungu.

SÍK fagnar sérstaklega 8. gr. draganna er fjallar um mikilvægi listar og menningar og þá sérstaklega sköpun og miðlun þeirra. Í því samhengi leggur SÍK áherslu á mikilvægi þess að fjárframlög í Kvikmyndasjóð verði tryggð til lengri tíma til að stuðla að fyrirsjáanleika fyrir sköpun og framleiðslu fjölbreytts íslensks kvikmynda- og sjónvarpsefnis sem á sér samfélagslega skírskotun og stuðlar að eflingu íslenskrar tungu. Þá er ekki síður mikilvægt að gæta að fjölbreytni í dreifingu á íslensku efni, aðgengi að því og miðlun þess. SÍK bendir á að ýmsar kvikmyndir, heimildarmyndir og sjónvarpsþættir hafa ótvírætt fræðsluígildi fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskóla. Það er umhugsunarvert að mörg dæmi eru um að grunn- og framhaldsskólar, eftir atvikum með tilstuðlan Menntamálastofnunar, hafi nýtt slíkt efni í kennslu og miðlun án heimildar né þóknunar til framleiðanda eða sannarlegs eiganda verksins. Að mati SÍK er þessu verulega ábótavant en framleiðendur hafa enga yfirsýn yfir hvar efni þeirra er nýtt, hvernig eða hversu oft. SÍK leggur til að í drögum að aðgerðaáætlun þeirri sem hér er til umsagnar verði hugað að viðeigandi ferlum og/eða vettvangi þar sem opinber stofnun skráir og greiðir fyrir nýtingu á efni framleiðenda sem heimilar miðlun þess. SÍK bendir á að fjölmörg dæmi eru um að erlendar menntastofnanir hafi útbúið kennsluefni í tengslum við íslenskar kvikmyndir á lögmætan hátt og eru þannig fyrri til að nýta efnistösk og boðskap íslenskra kvikmynda í fræðsluskyni heldur en innlendar menntastofnanir.

Að lokum fagnar SÍK 9. gr. draganna er fjallar um aukna talsetningu og textun á íslensku. Að mati SÍK myndi sérstakur talsetningar- og textasjóður tryggja aukið aðgengi almennings að kvikmyndum og sjónvarpsefni sem er bæði brýnt og þarft.



SÍK vonast til þess að fá tækifæri til að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

Lilja Björk Guðmundsdóttir

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Viðskiptastjóri Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda